

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**661. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 27. september 2010
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.
2. Viðræður við forstöðumann Bóka- og skjalasafns Húnaþings vestra.
3. Viðræður við Helgu Hinriksdóttur, verkefnisstjóri Virkis Þekkingarseturs á Hvammstanga.
4. Fundarboð hluthafafundar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
5. Kosningar til Stjórnlagabings 27. nóvember 2010.
6. Dagskrá XXIV. Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Afgreiðslur:

1. Fulltrúar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands eru mættir til fundar við byggðarráð. Formaður félagsmálaráðs og starfsmaður félagsþjónustu eru einnig mættir til fundarins. Fulltrúar Heilbrigðisstofnunarinnar kynntu hugmyndir um samþættingu félagslegrar heimilisþjónustu og heimahjúkrunar. Byggðarráð samþykkir að skipa félagsmálastjóra í vinnuhóp með fulltrúum Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga.
2. Sigríður Tryggvadóttir forstöðumaður Bóka- og skjalasafns Húnaþings vestra er mætt til fundar við byggðarráð. Lagði hún fram gjafabréf til Héraðsskjalasafnsins að upphæð. ein milljón króna frá Jóni Gesti Sigurðssyni. Byggðarráð þakkar Jóni fyrir höfðinglega gjöf.
3. Helga Hinriksdóttir, verkefnisstjóri Virkis þekkingarseturs á Hvammstanga er mætt til fundar við byggðarráð til kynningar á starfsemi Virkis þekkingarseturs.
4. Lagt fram fundarboð hluthafafundar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem halda á 1. okt. n.k..á Akureyri Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum.
5. Lagt fram til kynningar bréf dags 15.09.2010 um fyrirkomulag kosninga fyrir Stjórnlagabing sem fara munu fram 27. nóvember 2010.
6. Lögð fram til kynningar dagskrá XXIV landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samþykkt að taka á dagskrá.
7. Málefni íþróttamiðstöðvar á Hvammstanga. Formaður byggðarráðs lagði fram eftirfarandi tillögu „Vegna fyrirhugaðra breytinga á opnunartíma og skipulagi vakta í íþróttamiðstöð frá 1. janúar 2011 samþykkir byggðarráð að fela sveitarstjóra að segja upp núverandi ráðningarsamningum starfsmanna íþróttamiðstöðvarinnar. Tillagan samþykkt með tveimur atkvæðum. Elín R. Línadal situr hjá við afgreiðslu þessa liðar, þar sem ekki liggur fyrir hver endanleg tillaga um breytingar verður.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:03

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari